

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalin
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 29. janúar 2018
UST201801-296/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - smávirkJun við Dreka. Umsögn

Vísað er til bréfs Skútustaðahrepps dags. 18. desember 2017 og ítrekun dags. 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða 30kW virkjun. Stöðvarhús verður um 8 m² að grunnfleti um 600 m suðaustan við skálann. Fallpípa verður niðurgarafin. Framkvæmdasvæðið er að mestu gróðurlítið gjall- og vikurþakið hraun.


Hér er um viðbót við mannvirki sem nú þegar eru til staðar við Dreka. Virkjunin mun leysa af hólmi rafstöð sem nú er knúin með olíu. Jarðvegur er með þeim hætti að auðvelt ætti að vera að ganga vel frá öllu raski. Leggja á áherslu á að mannvirkin verði eins afturkræf og kostur er.


Að teknu tilliti til ofangreindra atriða og ef vel er gegnið frá röskuðum svæðum telur Umhverfisstofnun líklegast að áhrif umræddrar framkvæmdar verði lítil.

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur